

í Reykjavík eða til læknakennslu þar — mundu skorast undan að borga gjald þetta framvegis, en það er hërubil 100 rd. á ári, og yrði spítalinn þá, til þess að fá skaða sinn bættan, að fara í mál við þá, sem óvíst er hvernig færi, og í öðru lagi, að haft sé í hyggju að byggja sjúkrahús á Akureyri, og að menn ætli sér að sækja um styrk til þess af fê Möðrufells spítala.

Dómsmálastjórnin fær samt ekki séð, að orsök sé til af ástæðum þeim, sem þér, herra amtmaður, hafið tekið fram, að skilja Möðrufells spítala undan því, að greiða tillag sitt til læknakennslunnar hjá landlækninum, þar sem hún er stofnsett handa öllu landinu, og það því síður, sem nú er haft í hyggju að breyta gjaldinu til spítalanna í peningagjald. Með því að dómsmálastjórnin vegna þessa ekki getur fallist á uppástungur yðar, eruð þér beðnir um, án frekari tafar að endurgjalda Kaldaðarnes spítalasjóði fê það, sem úr honum hefir verið borgað fyrir Möðrufells spítala til kennslu í læknisfræði hjá landlækninum.

Þar sem þér að síðustu hafið farið þess á leit, að ef dómsmálastjórnin fellst á uppástungur yðar, þær sem rædt er um hér að framan, megi prenta reikninga Möðrufells spítala framvegis ásamt með reikningunum fyrir fê hinna annara stofnana, sem þér hafið umráð yfir, þá getur stjórnarráðið ekki heldur gengið að þessum tilmælum yðar, þarámóti verður úrskurður dómsmálastjórnarinnar 25. maímán. f. á. um þetta atriði að standa óraskaður.

80. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um byggingu á útihúsi nokkru í Reykjavík.

Eins og sjá má á fylgiskjöllum þeim, sem hingað hafa send verið með bræfi stiptamtsins 15. júnímán. þ. á., hefir byggingarnefndin í Reykjavík eptir tilmælum Jónasar Guðmundssonar, kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, lýst því yfir, að ekkert væri af hennar hálfu á móti því, að hann byggði lítið

1865.

26. sept.

29. sept.

1865.

29. sept.

úthús fyrir vestan hús sitt, þó með því skilyrði, að hann hegðaði sér eptir ýmsum reglum, sem byggingarnefndin hafði sett um smíðið, og að hann, áður en hann færi að byggja húsið, kæmi sér saman um það við nábúa sinn, Hannes St. Johnsen, kaupmann, þar sem húsið yrði fast við lóð hans. Jónas Guðmundsson kennari lét samt smíða húsið, án þess að fá samþykki Hannesar Johnsens kaupmanns til þess, og af því að Johnsen þótti húsið vera of nálægt girðingunni um lóð sína, bar hann sig upp undan því við byggingarnefndina, en hún færðist undan að skera úr málefni þessu, og vísaði kærandanum til dómstólanna til þess að ná rétti þeim, sem hann þæktist hafa. Þegar Johnsen kaupmaður svo bar sig upp við stiptamtið undan því, að byggingarnefndin hefði skorazt undan að leggja úrskurð á málefni þetta, svaraði stiptamtið, að umboðsstjórnin gæti ekki skorið úr því, eins og nú væri komið, og að stiptamtið ekki áltíð sig hafa myndugleika til þess að skipa byggingarnefndinni að höfða mál útaf þessu.

Þar sem Johnsen kaupmaður nú í skjali því, sem stjórnarráðinu hefir borizt með áðurnefndu bréfi stiptamtsins, hefir farið þess á leit, að dómsmálastjórnin með úrskurði sínum veiti byggingarnefndinni myndugleika til þess, að bjóða eiganda hússins að flytja það á annan stað á lóð hans, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það, að með því að það einungis er ætlunarverk byggingarnefndarinnar að sjá um þarfir hins opinbera, getur það ekki náð til hennar, hvort rétti kærandans, sem eiganda næstu lóðar, hefir verið hallað með því að byggja hús það, sem hér ræðir um; og eins og stjórnarráðið ekki getur með úrskurði sínum boðið að flytja húsið á annan stað, þó það kunni að hafi verið byggt svo, að rétti kærandans hefði verið raskað, eins á dómsmálastjórnin ekki með að bjóða byggingarnefndinni að bera það undir dómstólana, hvort gjört hafi verið á hluta kærandans í þessu, þar sem það beinlínis er einkamál; heldur verður það að vera komið undir kærandanum sjálfum, hvort hann vill höfða mál á móti nágranna sínum útaf þessu tilefni.